


ÁRSSKÝRSLA 2018

ÁRSSKÝRSLA 2018
EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR	5
ÁRSREIKNINGUR 2018	
ÁRITANIR	20
REKSTRARREIKNINGUR.	22
EFNAHAGSREIKNINGUR	23
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT.	24
SKÝRINGAR	25



STARFSEMIN

STARFSMANNAHALD OG STJÓRN

Signý Leifsdóttir var framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar, en Signý sagði starfi sínu lausu í september og tók þriggja mánaða uppsagnarfrestur hennar gildi í byrjun október. Signý lauk störfum um áramót. Í lok september var auglýst eftir nýjum framkvæmdastjóra og sá stjórn Tónverkamiðstöðvar um ráðningarferlið. Valgerður G. Halldórsdóttir var ráðin nýr framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar frá og með 1. janúar 2019. Aðrir starfsmenn Tónverkamiðstöðvar eru Oliver Kentish sem starfaði við afgangi og skráningu í 34% starfshlutfalli og Aðalheiður Þorsteinsdóttir sem starfaði í 34% starfshlutfalli fyrri hluta árs, en var ráðin í 45% starf frá og með október. Aðalheiður starfar við rannsóknir, skönnun og skráningu á nótnagjöfum til miðstöðvarinnar, yfirferð á nótasafni í Landsbókasafni, innleiðingu ISMN númera og skylduskilum til Landsbókasafns.

Stjórn Tónverkamiðstöðvar skipa Hildigunnur Rúnarsdóttir, Egill Gunnarsson, Gunnar Andreas Kristinsson og Bergljót A. Haraldsdóttir. Hildigunnur var formaður fyrstu mánuði ársins, en Gunnar Andreas tók við sem formaður á aðalfundi félagsins í maí og varð Hildigunnur þá almennur stjórnarmaður.

HÚSNÆÐI – TÓNKLASINN

Tónverkamiðstöð hefur verið starfrækt að Laugarvegi 105 síðan í apríl 2014. Miðstöðin deilir þar húsnæði með öðrum tónlistartengdum aðilum en á árinu 2018 voru í sama húsnæði ÚTÓN (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar), Tónlistarborgin Reykjavík, Stelpur rokka, Tónskáldafélag Íslands, Myrkir músikdagar og nokkrir sjálfstætt starfandi einstaklingar í tónlistargeiranum. Samlegðaráhrifin eru óumdeild og hefur auðveldað mjög samstarf ÚTÓN og Tónverkamiðstöðvar, auk þess sem þekking á miðstöðinni og hennar starfsemi innan tónlistargeirans hefur aukist á meðal þeirra sem starfa í öðrum greinum tónlistar en samtímatónlist.

NÓTNASAFN

FRÁGANGUR Í LANDSBÓKASAFNI

Í september árið 2017 fékk Tónverkamiðstöð úthlutað hillum í Landsbókasafni fyrir öll tónverk í varðveislu miðstöðvarinnar. Verkin höfðu legið í kössum á brettum í safni Landsbókasafnsins síðan árið 2009. Þá hófst mikil vinna hjá starfsmönnum Tónverkamiðstöðvar við yfirferð á safnkostinum til að minnka umfang þess, en safnstefnan sem sett var á sínum tíma er ekki í samræmi við núverandi safnstefnu og stefnu Landsbókasafnsins. Þetta var mikil vinna og reyndu Signý og Aðalheiður að komast í safnið eins oft og hægt mögulegt var. Vinnu við yfirferðina var að mestu lokið í október 2018, en enn er nokkur vinna eftir við lokafrágang á verkum Atla Heimis Sveinssonar og mun sú vinna halda áfram á árinu 2019.

ATLI HEIMIR SVEINSSON – NÓTNAGJÖF

Tónverkamiðstöð fékk stóra gjöf frá Atla Heimi Sveinssyni, og er allt hans einkasafn af eigin verkum nú komið til Tónverkamiðstöðvar. Það er mikil vinna að fara yfir þessar gjafir og það þarf sérhæft fólk sem er með sértæka tónlistarfræðilega menntun til að ganga frá verkunum. Hér væri nauðsynlegt að geta bætt í starfskrafti, en til þess vantar aukið rekstrarfé. Aðalheiður hefur unnið að því að skanna og skrá safnið og hefur það verið mikil vinna og er þeirri vinnu ekki lokið, en búið að er að fara yfir um $\frac{3}{4}$ af nótunum.

ISMN NÚMER OG SKYLDUSKIL

Á árinu 2018 fékkst styrkur að upphæð 2 milljónir króna frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að hefja upptöku ISMN númera og dugar sá styrkur til að merkja öll ný tónverk sem miðstöðinni berast og um 20% af safninu sem er til eða um 2000 tónverk, miðað við fjárhagsáætlun. Vinna við upptöku ISMN númera hófst í lok árs 2018 og stýrir Aðalheiður þeirri vinnu. (Hluti styrkuppþæðarinnar (80%) kom til greiðslu á árinu 2018 en lokagreiðsla fer fram þegar verkinu telst lokið. – viðb. VGH)

TÖLVUSETNINGAR

Á árlnu 2018 voru eftirfarandi verk tölvusettt upp úr handritum og fengust styrkir úr Nótñasjóði STEFs fyrir þeirri vinnu:

- Myndabók Jónasar Hallgrímssonar eftir Pál Ísólfsón.
Verður flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands 2019–2020.
- Mansöngur fyrir Ólafs rímu Grænlandings eftir Jórúnni Viðar.
Var flutt af Sinfóníuhljómsveit Norðurlands 2018.
- Ný rímnadanslög, Tvö sönglög og Veðurvísur. Lög fyrir karlakór eftir Jón Leifs.
Flutningur áætlaður árið 2019, stjórnandi Örn Magnússon.

AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA

Á haustdögum barst fyrirspurn um það hvort verk sem tilgreint er í Aðalnámskrá tónlistarskóla ætti að vera á skrá hjá Tónverkamiðstöð. Þetta verk var hins vegar ekki til á skrá. Þetta vakti upp spurningar um hvernig staðan væri á öðrum verkum sem væru í Aðalnámskrá. Við skoðun kom í ljós að eitthvað af verkum vantaði hjá okkur á skrá, en þau voru ekki mörg, það sem verra var, var að þau verk sem voru á skrá hjá okkur voru oft með mjög lélegri eða rangri skráningu. Ástæðan fyrir þessu er að í gegn um tíðina hafa margir unnið að skráningu og reglur um hvernig á að skrá verk hafa breyst, í eina tíð voru t.d. öll lög upp úr safnheftum skráð, en ekki var samt unnið að því að búa til sér skjal fyrir hvert lag, sem veldur því að í vefbúðinni var skráð lag, en engar nótur fylgdu skráningunni. Ýmislegt annað þurfti að laga, en ákveðið var að laga allar nótunar sem vísað er til í Aðalnámskrá til að geta þjónustað nemendur í tónlist sem best. Þessari vinnu lauk í nóvember. Ljóst er að uppfæra þarf Aðalnámskrá tónlistarskóla sem er frá því um aldamót.


– SL

NÓTNASALA

Tekjur af nótnasölu og leigu voru 22% af heildartekjum Tónverkamiðstöðvar árið 2018 og er það nokkuð lægra en síðustu ár, en sala og leiga tónverka hefur að meðaltali verið um 38% af heildartekjum miðstöðvarinnar. Markmiðið er að nótnasalan standi undir sér, því rekstrarstyrkur miðstöðvarinnar frá Menntamálaráðuneytinu er miðaður við umsýslu við nótnasafnið og kynningarmál.


Heildartekjur af sölu árið 2018 voru 5.750.665 kr. Tekjurnar eru nokkuð breytilegar frá ári til árs en leiga hljómsveitarverka er sem fyrr stór breyta í tekjuöflun Tónverkamiðstöðvar. Meðfylgjandi er yfirlit af heildartekjum vegna sölu og leigu tónverka undanfarin fimm ár.

Heildartekjur vegna sölu og leigu tónverka



SALA Í GEGN UM AFGREIÐSLU, SÍMA EÐA TÖLVUPÓST

Á næstu mynd má sjá mánaðarlega og uppsafnaða heildarsölu sem fór fram í gegn um afgreiðslu, síma eða tölvupóst. Hér eru ekki taldir tekjur sem koma af sölu í vefbúð Tónverkamiðstöðvar.



Nokkuð mikil sveifla er milli mánaða, en það skýrist af því að tekjur af leigu stærri hljómsveitarverka geta verið mjög miklar og eru þá oft afgreidd fleiri en eitt verk í einu. Stærsti einstaki viðskiptavinur Tónverkamiðstöðvar er Sinfóníuhljómsveit Íslands

VEFVERSLUN

Vefverslun Tónverkamiðstöðvar, shop.mic.is, var opnuð haustið 2015 og hefur salan þar haldist nokkuð jöfn eða verið um 700.000 kr. á ári. Árið 2018 jókst hún þó verulega og var 1.070.000 kr.


Kerfi vefverslunar Tónverkamiðstöðvar (shop.mic.is) er í kerfi sem hannað er af norsku nótnaútgáfunni Cantando. Fyrir aðgang að kerfinu er greitt árgjald og uppfærslur eftir þörfum innifaldar. Sem fyrr fær vefversluninni mun fleiri heimsóknir en heimasíða Tónverkamiðstöðvar en að meðaltali heimsækja um 800 aðilar síðuna shop.mic.is í hverjum mánuði og fletta síðunni um fimm þúsund sinnum á mánuði.

- VGH


Söluhæsta tónskáldið / tónverkið

Kórverkið *Heyr himna smiður* (SATB) eftir Þorkel Sigurbjörnsson var eftir sem áður mest selda einstaka tónverkið en það seldist í um 298 eintökum, þar af í 202 eintökum í vefversluninni.

Söluhæsta tónskáld Tónverkamiðstöðvar árið 2018 var Jón Leifs. Sala og leiga tónverka eftir tíu söluhæstu tónskáldin nam alls 2.870.597 kr. á árinu 2018. Meðfylgjandi mynd sýnir skiptingu heildarsölu verka tíu söluhæstu tónskáldanna og innbyrðis hlutföll af sölu.




Söluhæsta einstaka tónverkið var EDDA II en verkið var leigt út til frumflutnings og upptöku. Meðfylgjandi er yfirlit yfir tuttugu söluhæstu verkin og hlutfall af heildarnótnasölu ársins. Af tuttugu söluhæstu verkunum eru þrjú kórverk, eitt kammerverk og sextán hljómsveitarverk. Sýnir myndin vel hversu mikið leiga hljómsveitarverka hefur á tekjur miðstöðvarinnar.




HEIMASÍÐA TÓNVERKAMIÐSTÖÐVAR

Íslenski hluti síðunnar þjónar sem upplýsingaveita um þjónustu miðstöðvarinnar fyrir tónskáld, upplýsingar um tækifæri fyrir tónskáld, styrki og annað. Eins er hún tenging fyrir íslenska kaupendur að nótum inn á vefbúð miðstöðvarinnar shop.mic.is. Enska síðan er aðallega tenging fyrir kaupendur að nótum, en einnig upplýsingaveita um samtímatónlist á Íslandi. Heimsóknir á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar hefur fækkað á milli ára. Munar þá mest um hversu oft mest heimsóttá síða miðstöðvarinnar er lesin. Það er síða með upplýsingum um hvernig megi nálgast nótur að verkinu *Heyr, himna smiður* eftir Þorkel Sigurbjörnsson, en verkið varð mjög vinsælt árið 2014 og hefur síðan þá verið mest selda staka tónverk miðstöðvarinnar á hverju ári. Sala verksins dalar með hverju árinu.



Meðfylgjandi mynd af landakorti sýnir hvaðan heimsóknir á heimasíðu Tónverkamiðstöðvar koma. Ljósasti bleiki liturinn sýnir eina heimsókn en dekksti liturinn hátt í tólf þúsund heimsóknir. Grár litur þýðir að engin heimsókn barst frá viðkomandi landi.

- VGH



JÓN LEIFS

Jón Leifs er eina tónskáldið sem hefur verið með sérstakan útgáfusamning við miðstöðina og nær samningurinn til allra verka Jón Leifs. Í samningnum er ákvæði um að eftir dauða Þorbjargar Leifs renni 33% af höfundagreiðslum STEFs til Tónverkamiðstöðvar. Eftir andlát Þorbjargar hafa allar greiðslur frá STEFi farið inn á sérreikning hjá Tónverkamiðstöð og hefur sá sjóður verið nýttur til að viðhalda verkum Jóns, verkefnin fram að þessu hafa öll snúið að tölvusetningum. Þannig var lokið við að tölvusetja Eddu II árið 2017 fyrir frumflutning sem fór fram í Eldborg í Hörpu þann 23. mars 2018. Verkið var einnig tekið upp af útgáfufyrirtækinu BIS og gefið út á geisladiski.

Útgáfusamningurinn rann út 31. desember 2018. Viðræður hafa átt sér stað um nýjan samning við lögfræðing Leifs Leifs, erfingja höfundarréttar Jóns en um áramót var ekki ljóst hvernig útgáfumálum Jóns Leifs hjá Tónverkamiðstöð yrði háttað.

KYNNINGARSTARF OG ERLENT SAMSTARF

CLASSICAL:NEXT

Classical:NEXT (C:N) er söluráðstefna í sígildri- og samtímatónlist, með fókus á evrópskan markað. Ráðstefnan er nokkuð ný af nálinni, en fyrsta hátíðin var haldin árið 2012. Þrátt fyrir það hefur hátíðin hægt og bitandi fest sig í sessi sem einn besti vettvangur fyrir kynningu og tengslamyndun á sviði sígildrar- og samtímatónlistar. Þeir sem sækja ráðstefnuna eru fagaðilar, tónskáld, blaðamenn, hljómsveitarstjórar, listrænir stjórnendur hátíða, útgefendur og aðrir sem starfa á þessu sviði.

Tónverkamiðstöð var með bás á C:N í Rotterdam 16. – 19. maí 2018, með fóru einnig fulltrúar frá Myrkum músíkdögum, Nordic Affect og Ensemble Adapter. Að skipulagningu þátttöku Íslands á C:N komu, auk Tónverkamiðstöðvar; ÚTÓN, Íslandsstofa og sendiráð Íslands í Brussel. Tónverkamiðstöð leiddi verkefnið vegna sérþekkingar starfsmanna miðstöðvarinnar á sígildri- og samtímatónlist. Ísland hefur aldrei áður verið með bás á þessari sýningu, en öll Norðurlöndin önnur eru árlega með bás. Þar sem Ísland er lítið markaðssvæði og sígild- og samtímatónlist lítill geiri innan þess, er markmið Tónverkamiðstöðvar að taka þátt með bás þriðja til fjórða hvert ár, eftir því hversu mikið er að gerast innan geirans hverju sinni.

Nýlega hefur verið mikill áhugi á íslenskri sígildri- og samtímatónlist og má þar nefna sérstaklega velgengni Önnu Þorvaldsdóttur, Víkings Heiðars Ólafssonar og Daniels Bjarnasonar sem öll eru nú orðin þekkt innan geirans og starfa á alþjóðlegum mörkuðum.

MARKAÐSSETNING Á HLJÓMSVEITARVERKUM

Í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands er öllum gestahljómsveitarstjórum hljómsveitarinnar gefin gjöf með fjórum tónverkum, raddskrá (nótum) og upptökum. Með gjöfinni fylgir lítill bæklingur með upplýsingum um þjónustu Tónverkamiðstöðvar og upplýsingar um verkin. Þetta er gullið tækifæri til kynningar þar sem hljómsveitarstjórnarnir eru þeir sem hafa oft hvað mest að segja um hvaða verk eru sett á dagskrá hjá sinfóníuhljómsveitum. Sí býr við þá sérstöðu að vera með mjög marga hljómsveitarstjóra á hverju ári og voru t.d. 17 gestastjórnendur á starfsárinu 2017-2018 sem fengu gjöfina afhenta. Valnefnd valdi verkin til að gæta jafnræðis og fagmennsku.

TENGLANET – IAMIC OG ISCM

Tónverkamiðstöð vinnur markvisst að því að byggja upp alþjóðlegt tengslanet og deila því með tónlistarfólki sem vinnur að því að koma sér á framfæri. Þetta er gert með virku starfi innan IAMIC, alþjóðlegum samtökum tónverkamiðstöðva og með því að sækja eins marga viðburði og hátíðir sem tengjast samtímatónlist hérlendis og erlendis eins og hægt er. Signý Leifsdóttir, framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar átti sæti í stjórn IAMIC þar til hún hætti störfum hjá miðstöðinni í lok árs 2018.

Á árinu 2018 fór framkvæmdastjóri á IAMIC fundi og Norræna músikdaga. Einnig fór framkvæmdastjóri á Classical:NEXT, fund í Kaupmannahöfn um stöðu tónskálda á Norðurlöndunum í janúar og í Osló í september og sem fulltrúi Tónskáldafélags Íslands á ISCM – World New Music Days í Beijing í maí.

STUÐNINGUR VIÐ TÓNSKÁLD, FLYTJENDUR OG HÁTÍÐIR

YRKJA

Yrkja er starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir tónskáld. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnanna. Á árinu 2018 var áfram unnið í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Ísland.

Tónverkamiðstöð og Sinfóníuhljómsveit Íslands buðu tveimur tónskáldum að eyða níu mánuðum með hljómsveitinni, þar hafa þau fengið að þróa færni sína í að skrifa fyrir hljómsveit. Tónskáldin fengu innsýn inn í innra starf hljómsveitarinnar, unnu náð með hljóðfæraleikurunum, hljómsveitarstjóra, skrifstofu og yfirstjórn SÍ. Þetta níu mánaða ferli fól í sér m.a. tvær tónskáldastofur og voru verkin frumflutt á Myrkum músikdögum í janúar 2019. Anna Þorvaldsdóttir tónskáld var mentor verkefnisins f.h. SÍ. Tónverkamiðstöð sótti um styrk í Tónskáldasjóð RÚV og STEFs fyrir YRKJU-tónsmíðunum en ekki varð ljóst fyrir en um áramót 2018/19 hvort styrkur fengist. Þrátt fyrir að óvissan um fjármögnun verkefnisins hafi verið óþægileg var afar ánægjulegt að geta tilkynnt tónskáldunum við frumflutning að þau fengju greitt fyrir tónsmíðavinnuna.

RANNSÓKN: HVER SAMDI TÓNLISTINA?

Stór hluti opinberra styrkja til tónlistargeirans á Íslandi fer til stofnana innan tónlistargeirans, en hversu stór hluti starfsemi þeirra er tileinkaður íslenskri tónlist? Árið 2015 var gerð stór rannsókn í Svíþjóð á vegum Sænska tónskáldafélagsins (Föreningen Svenska tonsättare) og KVASt, félag kventónskálda í Svíþjóð, þar sem skoðaðar voru dagskrár stærstu tónlistarhópa landsins sem njóta opinberra styrkja.

Danska tónskáldafélagið (Dansk komponistforening) leitaði til Tónverkamiðstöðvar um að safna sambærilegum gögnum frá Íslandi þar sem þau væru að safna gögnum í Danmörku. Niðurstöður úr þessum þremur rannsóknum voru svo kynntar á málþingi Danske tónskáldafélagsins í maí 2018.

Helstu þættir sem skoðaðir voru í rannsókninni:

- Hlutfall milli verka eftir konur og karla
- Hlutfall milli íslenskra og erlendra verka
- Hlutfalla milli nýrra og eldri verka

Þegar þessi beiðni barst til Tónverkamiðstöðvar hafði framkvæmdastjóri strax samband við KÍTÓN og tónlistardeild Listaháskólans og leitaði eftir samstarfi. Þannig komst á samstarf við Örnú Margræti Jónsdóttur, sem tók gögnin saman. Ákveðið var að skoða hljómsveitir og hópa sem fá 5 milljónir eða meira í opinbera styrki (frá ríki og sveitarfélögum) á ári. Undir þá skilgreiningu falla Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska óperan, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Kammersveit Reykjavíkur og Caput. Því miður fengust ekki gögn frá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, þrátt fyrir itrekaðar beiðni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru eftirfarandi:

Stofnun / Starfsár	Verk eftir konur				Íslensk verk			
	'15-'16	'16-'17	'17-'18	Öll árin	'15-'16	'16-'17	'17-'18	Öll árin
Sinfóníuhljómsveit Íslands	8.6%	8.3%	4.7%	7.1%	14.7%	8.3%	13.6%	12.2%
Íslenska óperan (sýningar og tónleikar)	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.4%	0.5%	10.3%	3.0%
Kammersveit Reykjavíkur	0.0%	9.7%	0.0%	3.5%	22.9%	29.8%	25.0%	25.9%
Caput	35.3%	9.3%	15.0%	27.2%	84.4%	77.4%	85.0%	82.6%

Stofnun / Starfsár	Verk samin síðustu 30 ár				Verk samin af konum síðustu 30 ár			
	'15-'16	'16-'17	'17-'18	Öll árin	'15-'16	'16-'17	'17-'18	Öll árin
Sinfóníuhljómsveit Íslands	19.4%	17.0%	17.6%	17.9%	37.2%	47.1%	19.1%	34.4%
Íslenska óperan (sýningar og tónleikar)	0.2%	1.7%	10.3%	3.3%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%
Kammersveit Reykjavíkur	30.2%	44.1%	31.9%	35.6%	0.0%	22.0%	0.0%	9.8%
Caput	88.5%	88.5%	100.0%	87.1%	39.9%	10.5%	15.0%	31.2%

STARFSUMHVERFI TÓNSKÁLDA Á NORÐURLÖNDUM

Norræna tónskáldaráðið og Norræni menningarsjóðurinn (Nordisk kulturfond) á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hélt starfsfund í Kaupmannahöfn í lok janúar þar sem sérfræðingar í málefnum tónskálda á Norðurlöndum hittust. Á fundinum var farið yfir starfsumhverfi tónskálda á Norðurlöndunum og reynt að komast að því hvort og hvernig hægt væri að bæta það. Sömu aðilar héldu svo málþing í Oslo í október á tónlistarhátíðinni Ultima um sama málefni. Málþingið var opið og voru þar fengnir utanaðkomandi sérfræðingar frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Grikklandi og Kína til að tala um stuðning við tónskáld. Norræna tónskáldaráðið undir forystu Danska tónskáldafélagsins hefur tekið saman niðurstöður fundanna og gefið út í bæklingi sem kallast *Harmony of Opposites: Composition as a Profession in the Nordic Countries* og er bæklingurinn m.a. aðgengilegur á heimasíðu Tónverkamiðstöðvar.

TÆKIFÆRI FYRIR TÓNSKÁLD

Tónverkamiðstöð heldur úti lista á heimasíðu miðstöðvarinnar með yfirliti yfir styrki sem tónlistarmenn á Íslandi geta sótt í hér innanlands og utan. Listinn er uppfærður árlega á haustin og sendur á alla sem eru á póstlista miðstöðvarinnar. Styrkjalistinn er mikið nýttur og er mest lesna síða heimasíðu Tónverkamiðstöðvar á íslensku. Tónverkamiðstöð fær einnig reglulega tölvupósta um ýmsar tónsmíðakeppnir og residensíur fyrir tónskáld. Þessi tækifæri eru birt á samfélagsmiðlum Tónverkamiðstöðvar um leið og þau berast.

STARFSFERILSVIÐTÖL OG RÁÐGJÖF

Tónverkamiðstöð reynir eftir fremsta megni að bjóða tónskáldum, flytjendum og skipuleggjendum tónlistarhátíða til samtals við miðstöðina. Þá veitir framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar tónskáldum og flytjendum reglulega viðtöl um ýmis mál er tengjast starfsframa þeirra s.s. útgáfu, umboðsmenn, útflutning, tónleikahald, starfsþróun og fleira. Framkvæmdastjóri veitir að jafnaði 40-50 slík viðtöl á ári.

LEIÐBEININGAR UM ÚTREIKNING Á GREIÐSLUM TIL TÓNSKÁLDA

Mikil umræða hefur farið fram á meðal starfsmanna Tónverkamiðstöðvar og stjórnar Tónskáldafélags Íslands um hversu lítið tónskáld fá greitt fyrir vinnu sína. Er þetta sérstaklega slæmt þegar kjör tónskálda á Íslandi eru borin saman við kjör starfssystkina þeirra á hinum Norðurlöndunum.

Þegar Tónverkamiðstöð vann stefnumótunarvinnu árin 2013-2014 kom í ljós að erlendar systurstofnanir hafa lagt mikla vinnu í þessi mál. Var þess vegna komið saman starfshópi sem í sátu Hjálmar H. Ragnarsson, Páll Ragnar Pálsson, Tinna Þorsteinsdóttir og Signý Leifsdóttir. Eftir mikla vinnu var ákveðið að byggja á sænskum leiðbeiningum og fengið leyfi til að þýða og staðfæra þær. Unnið var mikið starf árið 2017 í þessum málum og voru leiðbeiningar um útreikning á greiðslum til tónskálda gefnar út í september 2018 undir merkjum Tónskáldafélagsins, Tónverkamiðstöðvar og Félags tónskálda og textahöfunda. Leiðbeiningarnar má finna á heimasíðu Tónverkamiðstöðvar.

FRÆÐSLA: ÚTSETNINGAR FYRIR KÓR

Tónverkamiðstöð í samvinnu við STEF og Tónskáldafélag Íslands hélt námskeið fyrir meðlimi STEFs í kórútsætningum. Námskeiðið var tvær kvöldstundir með heimavinnu á milli stunda. Hildigunnur Rúnarsdóttir og Gunnar Ben voru kennarar námskeiðsins og var það haldið í húsnaði STEFs. Fullt var á námskeiðið og því ljóst að mikill áhugi var á efninu.

ÍSLANDSSTOFA: FAGRÁÐ SKAPANDI GREINA

Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar, á sæti í fagráði skapandi greina hjá Íslandsstofu ásamt fleiri stjórnendum miðstöðva skapandi greina og annara hagaðila. Fagráðið er faglegt bakland og vettvangur samtals innan lista og skapandi greina um alþjóðlega markaðssetningu og skapar með því sterk tengsl milli Íslandsstofu, miðstöðva skapandi greina og stjórnvalda. Fagráðið hefur fundað fjórum sinnum á ári en skipulagsbreytingar hjá Íslandsstofu gera ráð fyrir breytingum á starfsemi fagráðsins. Um áramót var ekki ljóst hverjar þær breytingar yrðu.


– SL

HUGMYNDIR UM SAMEININGU EÐA AUKIÐ SAMSTARF KYNNINGARMIÐSTÖÐVA SKAPANDI GREINA

Í ágúst 2017 barst Tónverkamiðstöð bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (MRN) þess efnis að ráðuneytið hyggðist „kanna til hlítar kosti og galla fyrir sameiningu eða nánara samstarf Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Miðstöðvar íslenskra bókmennta, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Tónverkamiðstöðvar auk sviðslista, sem og Handverks og hönnunar og starfsemi áhugaleikfélaga“, eins og það var orðað. Óskað var eftir því að Tónverkamiðstöð tilnefndi einn fulltrúa í vinnuhóp og var framkvæmdastjóri fulltrúi miðstöðvarinnar. Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir leiðir verkefnið fyrir hönd ráðuneytisins. Í upphafi árs 2018 sendi framkvæmdastjóri yfirlit yfir stöðu Tónverkamiðstöðvar ásamt lögum félagsins, ársskýrslu og ársreikningi ársins 2016 og starfsáætlun ársins 2108. Á árinu 2018 funduðu Signý, framkvæmdastjóri ÍTM og Sigtryggur Baldursson framkvæmdastjóri ÚTÓN einu sinni sameiginlega með verkefnisstjóra og einnig var verkefnið rætt símléiðis. Ráðgert var að halda stóra sameiginlega fundi með öllum miðstöðvum en ekkert varð af því.

Hinn 18. desember 2018 var haldinn kynningarfundur í MRN á samantekt verkefnisstjóra um kynningarmiðstöðvarnar og aðra áðurnefnda aðila. Vinnuhópnum var í framhaldinu falið að koma með athugasemdir við kynninguna sem skila ætti 4. janúar 2019 og beið sú vinna nýs framkvæmdastjóra. Frekari vinna við könnun og kortlagningu hefur síðan átt sér stað hjá ráðuneytinu á árinu 2019, þó með breyttri aðkomu Tónverkamiðstöðvar.

– VGH





ÁRSREIKNINGUR 2018

ÁRITUN

SKÝRSLA UPPGJÖRSAÐILA

Til stjórnar Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Íslensku tónverkamiðstöðina vegna ársins 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Íslensku tónverkamiðstöðina við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans. Allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma fram í ársreikningnum.

Reykjavík, 3. maí 2019

F.h. Fastland ehf

Silja Dögg Ósvaldsdóttir

ÁRITUN

SKOÐUNARMENN

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, höfum farið yfir ársreikning fyrir árið 2018 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 28. maí 2019

Haukur Tómasson (sign.)

Tryggvi M. Baldvinsson (sign.)

ÁRITUN

SKÝRSLA STJÓRNAR

Íslensk tónverkamiðstöð starfar í umboði þeirra einstaklinga sem eru félagar í henni.

Hagnaður varð af reglulegum rekstri Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar á árinu 2018 kr. 1.779.793. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins kr. 6.301.991 og bókfært eigið fé í árslok er kr. 4.830.491.

Það er álit stjórnar að ársreikningur þessi sýni glögga mynd af þróun ársins og stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykavík, 28. maí 2019

Gunnar Andreas Kristinsson, stjórnarformaður (sign.)

Hildigunnur Rúnarsdóttir (sign.)

Egill Gunnarsson (sign.)

Bergljót Anna Haraldsdóttir (sign.)

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2018

	skýr- ingar	2018	2017
Rekstrartekjur			
Rekstrarstyrkir.....	5	18.187.370	15.000.000
Erlend sala.....		2.548.142	2.057.126
Raddleiga.....		2.880.574	2.044.326
Innlend sala.....		321.949	1.538.102
Aðrir styrkir.....		461.243	940.000
Höfundagreiðslur, innlendar.....		607.677	299.407
Höfundagreiðslur, erlendar.....		528.747	172.467
		<u>25.535.702</u>	<u>22.051.428</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	5	15.406.345	13.307.063
Rekstur húsnæðis.....	6	1.535.574	1.648.726
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	7	6.810.645	7.249.612
		<u>23.752.564</u>	<u>22.205.401</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....		1.783.138	(153.973)
Fjármagnsliðir			
Fjármagnsgjöld.....		(10.307)	(112.830)
Fjármagnstekjur.....		6.962	17.762
		<u>(3.345)</u>	<u>(95.068)</u>
Afkoma ársins		<u>1.779.793</u>	<u>(249.041)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

EIGNIR

	skýr- ingar	31.12.2018	31.12.2017
Veltufjármunir			
Vörubirgðir.....		1.378.100	1.378.100
Viðskiptakröfur.....		1.065.025	518.966
Aðrar skammtímakröfur.....	3	788.623	325.739
Handbært fé.....		3.070.243	2.086.360
		<u>6.301.991</u>	<u>4.309.165</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	skýr- ingar	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé			
	4		
Óráðstafað eigið fé.....		3.050.698	3.254.933
Hagnaður / (tap) ársins.....		1.779.793	(204.235)
		<u>4.830.491</u>	<u>3.050.698</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		28.172	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....		1.399.280	1.163.855
Ógreidd höfundalaun.....		0	55.156
Ógreitt kreditkort.....		44.048	39.456
		<u>1.471.500</u>	<u>1.258.467</u>
Skuldir samtals		<u>1.471.500</u>	<u>1.258.467</u>
Skuldir og eigið fé		<u>6.301.991</u>	<u>4.309.165</u>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2018

	2018	2017
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins.....	1.779.793	(204.235)
Hreint veltufé frá rekstri	<u>1.779.793</u>	<u>(204.235)</u>
Rekstrarliðir		
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		
Breyting á rekstartengdum eignum.....	(1.008.943)	26.151
Breyting á rekstartengdum skuldum.....	<u>213.033</u>	<u>270.831</u>
Handbært fé frá (til) rekstri	<u>983.883</u>	<u>92.747</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	983.883	92.747
Handbært fé í upphafi árs	<u>2.086.360</u>	<u>1.993.613</u>
Handbært fé í lok árs	<u><u>3.070.243</u></u>	<u><u>2.086.360</u></u>

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Íslensk tónverkamiðstöð er hagsmunafélag og starfar á grundvelli laga um almenn fagfélög.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilavenjur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. Aðrar peningalegar eignir

	<u>2018</u>
Fjármagnstekjuskattur.....	17.413
Paypal og kreditkort.....	<u>771.210</u>
	<u>788.623</u>

4. Eigið fé

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2018.....	0	3.050.698	3.050.698
Afkoma ársins.....	0	1.779.793	1.779.793
Eigið fé 31.12.2018.....	<u>0</u>	<u>4.830.491</u>	<u>4.830.491</u>

SKÝRINGAR FRH.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun.....	12.186.620	10.579.909
Lífeyrissjóðsframlag.....	1.562.693	1.187.162
Tryggingargjald.....	941.826	817.006
Stjórnarlaun.....	316.000	316.000
Sjóðsgjöld.....	165.924	141.624
Kaffikostnaður.....	99.055	88.462
Annar starfsmannakostnaður.....	97.210	16.900
Slysatrygging launþega.....	37.017	0
Ókutækjastyrkur.....	0	160.000
	<u>15.406.345</u>	<u>13.307.063</u>

6. Rekstur húsnæðis

Húsaleiga.....	1.307.760	1.307.760
Vátryggingar.....	227.814	284.468
Annar húsnæðiskostnaður.....	0	56.498
	<u>1.535.574</u>	<u>1.648.726</u>

7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Aðkeypt þjónusta.....	1.060.725	1.018.060
Höfundalaun v/sölu og leigu tónverka.....	831.129	1.260.694
Ferðakostnaður.....	707.477	357.407
Rekstur tölvukerfis.....	653.922	713.628
Tækjaleiga.....	562.616	0
Ráðstefnukostnaður.....	535.066	26.632
Reikningshald og skattskil.....	491.180	508.244
Pappír, prentun, ritföng.....	399.550	454.249
Sími og net.....	365.376	302.246
Auglýsingar.....	307.121	172.706
Afskrifaðar kröfur.....	226.797	0
Félagsgjöld.....	116.416	78.156
Posaleiga.....	95.988	214.272
Paypal þóknun.....	78.756	94.489
Tónleikar, viðburðir, aðgangseyrir.....	63.980	29.601
Flutningskostnaður.....	58.934	19.542
Burðargjöld.....	57.608	444.649
Gjafir og styrkir.....	52.764	15.936
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	49.817	0
Funda- og viðskiptakostnaður.....	30.705	59.204
Aðkeyptur akstur.....	29.190	16.960
Erlend vörkukaup.....	17.805	0
Aðflutningsgjöld.....	14.073	0
Blöð og tímarit.....	2.990	0
Bílastæðasjóður.....	660	7.520
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	0	178.345
Tölvusetning tónverka.....	0	593.172
Fjármögnunarleiga skrifstofubúnaðar.....	0	569.390
Skrifstofuáhöld og búnaður.....	0	94.056
Ýmis kostnaður, skrifstofa.....	0	20.454
	<u>6.810.645</u>	<u>7.249.612</u>

ÍSLENSK TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
LAUGAVEGI 105
105 REYKJAVÍK

TONVERKAMIDSTOD.IS
SHOP.MIC.IS

